

Legsteinninn Steinunnar Hallgrímsdóttur

Við Hallgrímskirkju á Hvalsnesi hefur nú fyrir fáum dögum fundizt legsteinninn Steinunnar Hallgrímsdóttur, sem lagður var á leiði litlu telpunnar fyrir 315 árum og höggvið í steininn nafn hennar og dánarár — með meitli og höndum Hallgríms Péturssonar, sem einnig meitlaði trúarljóð sín í hug og hjarta allra Íslendinga.

Merkileg saga um stein.

Þessi ófagaði heiðarsteinninn á sér merkilega sögu. Margir stærri og veglegri minnisvarðar hafa fallið í gleymsku og dá og algjörlega máðst út — en sagan um þennan stein geymist í annálum og sögnum fólks og fellur aldrei í gleymsku þótt hann hverfi af sjónarsviðinu, liggi í veggjum eða gangstéttum og leitarmenn steinsins hafa vafalaust staðið á honum, eða við hann, þegar þeir féllust á þá sorglegu staðreynd, að þetta handa verk Hallgríms Péturssonar og minningin um elskaða litla dóttur hans, væri með öllu glatað — en það sem á að vara og vera til getur ekki glatazt.


Kirkjusaga Hvalsnes er löng og verður ekki rakin hér að neinu marki. Fyrst mun kirkja á Hvalsnesi vera byggð um 1300 eða jafnvel fyrr, því fyrstu máldagar Hvalsneskirkju eru frá 1370, og þá á kirkjan margt góðra gripa og búnaðar, svo og mikil ítök í reka og bendir það til þess, að kirkjan hafi ekki verið nýlega tilorðin þá.

Kirkja sú sem Hallgrímur Pétursson þjónaði í og kom að árið 1644 fauk og hrundi að mestu í Básendaveðrinu 1799. Eftir það er kirkjulaust á Hvalsnesi um árabli. — Árið 1821 er svo byggð kirkja aftur og þá fer legsteinninn Steinunnar í stétt eða kirkjuveggi, sú kirkja var torfkirkja og stóð sem aðrar inni í kirkjugarði og hefur því þessi handhæga hella þótt góð til bygginga. Þessi kirkja stóð stutt, því tímurkirkja er byggð 1864 en hún reyndis ótraust og var því horfið að því ráði af Katli Óðalsbónda í Kotvogi að byggja veglega steinkirkju, sem vígð er árið 1887. — Þá færir legsteinninn Steinunnar ennþá einu sinni og nú útúr kirkjugarðinum, því núverandi kirkja er sú eina sem utangarðs hefur staðið. Í stéttina fyrir framan vesturgafli kirkjunnar er legsteinninn Steinunnar lagður og hefur nú legið þar á hvolfi í 77 ár og allir seintitima leitendur þessa minnisverða legsteins hafa staðið þar hjá á steininum og horft yfir landið, sem þeir töldu að hefði tekið steininn til sín aftur.

Nú er legsteinninn litlu Steinunnar fundinn og vonandi á hann fyrir sér betri varðveislu en hingað til — það mætti svo vera að þessi litla heiðahella, sem ekki hefur eyðt eða glatazt á þrem öldum — heldur lifa í sögunni, sé okkar heilla steinn og fari því ekki frá sínu heimkynni heldur verði varðveitt í Hvalsneskirkju, sem næst eiganda sínum og þessi handverk Hallgríms Péturssonar megi um alla framtíð minna á að þar var sá andans jöfur einu sinni. — Ef Hvalsneskirkja glatar aftur þessum steini, kann og annað að glatast, sem lífi dagsins í dag er mikils virði. — H.S.J.

LEGSTEINNINN FINNST.

Tildrög þess að þessi litli legsteinn kemur mönnum aftur fyrir sjónir eftir 315 ár,



Legsteinninn Steinunnar Hallgrímsdóttur.

eru þau að Gíslu Guðmundsson kirkjuhaldari á Hvalsnesi, Guðmundur á Bala og fleiri þar syðra vildu hressa uppá fallandi hleðslur og gera steypa stétt heim að kirkju sinni — þá þurfti að rétta og slétta gömlu stéttina, en einn af steinumum í henni stóð uppúr ákveðnu yfirborði komandi steypu, og velti Guðmundur honum við — kom þá letur gerð í ljós, sem vestangolan hafði á undanförunum ártugum hreinsað svo vel að greini leg var — Guðmundur hnaut við, en fannst stafirnir heldur of skýrir, og fór því til Gísla og spurðist fyrir um það hvort einhver hefði leikið sér að steinhöggi þar úti, en að sjálfsgöðu var ekki svo — heldur var þar kominn legsteinninn Steinunnar Hallgrímsdóttur, sem Hallgrímur járnsmiður hjó með eigin höndum fyrir meira en þremur öldum, og lagði á leiði dóttur sinnar um leið og hann orti erfíljóð hennar, er enn ljóma, sem önnur verk þess andans — og erfíðismanns.

Nú er legsteinninn litlu Steinunnar fundinn og vonandi á hann fyrir sér betri varðveislu en hingað til — það mætti svo vera að þessi litla heiðahella, sem ekki hefur eyðt eða glatazt á þrem öldum — heldur lifa í sögunni, sé okkar heilla steinn og fari því ekki frá sínu heimkynni heldur verði varðveitt í Hvalsneskirkju, sem næst eiganda sínum og þessi handverk Hallgríms Péturssonar megi um alla framtíð minna á að þar var sá andans jöfur einu sinni. — Ef Hvalsneskirkja glatar aftur þessum steini, kann og annað að glatast, sem lífi dagsins í dag er mikils virði. — H.S.J.

Í ævisögu Hallgríms Péturssonar eftir Magnús Jónsson, prófessor, birtist erfíljóðið um Steinunni ásamt eftirfarandi ummælum frá höfundu:

Síðast en ekki sízt er svo að nefna ljóðin tvö, sem Hallgrímur orti eftir Steinunni litlu dóttur sína, sennilega um áratug fyrir en hið fyrsta hinna. Í þessum ljóðum tekur sorgin og tilfinningin Hallgrím þeim tökum, að enn hlýtur hver sá að vikna, er les þau með óspilltu, opnu hjarta. Einkum er fyrra og meira ljóðið stórbrotið. Er ein kennilegt að lesa upphaf kvæðisins. Lesandinn veit ekki, hvert skáldið ætlar með hann. Þar eru almennar útmálanir þess, hve látnir menn eigi góða vist á himnum, þrjú löng erind. Hefir hann ekki annað að segja við líkbörur dóttur sinnar en þennan líkraðusón? Jú, hann er einmitt að búa henni staðinn, hugleiða, hvíllik ur sá staður er, sem ástin hans og eftirlætið er nú flutt til:

Í þennan flokkinn fróma flutt varstu barnkind mín. Og svo taka strengir hörpunnar að titra, rómurinn klökkur, er hann minnst þjónna hennar og þess, hve vel hún bar þær, hve vænt honum þótti um hana, hve vel gefin hún var — allt svo látlaust og háleitt, að fram úr verður ekki farið. Úr upphafsstöfum erindanna má lesa, „Steinunn mín litla hvílist nú“. Hann hefur lagt á leið hennar blómvendi, sem ekki hafa visnað þessi 300 ár, sem Steinunn litla hefur hvílt í Hvalsneskirkjugarði. Þessi tvönn eftirmæli má ekki

vanta í neitt úrval Hallgrímsljóða.

Erfíljóð sem skáldið kvað eftir unga dóttur sína, Steinunni.

Sælar þær sálir eru, sem hér nú skiljast við, frá holdsins hryggðar veru og heimsins göldum síð, hvílast í himnafrið, þar sem með sætum hljóðum syngur lof Drottinn góðum lofsamlegt engla lið.


Tign, æru, sæmd og sóma sálir Guðs barna fá; sem ljósar stjörnur ljóma lambsins stólinum hjá, ávallt Guðs auglit sjá, með hvítum skrúða skryddar, skarti réttlætis prýddar, sorg allri sviptar frá.

Englanna hirðin hreina heiðrar Guð nótt sem dag, sálirnar syngja og greina sanctus með fegursta lag í lystugum lífsins hag, holdið sig meðan hvíllir, hérðin Drottins því skýlir, sér engan sorgar plag.

Í þennan flokkinn fróma flutt varstu barnkind mín! Himneskum hafin sóma hvílist nú sálin þín, ljómar þar skært og skín í faðmi Jesú fríðum, fagnandi öllum tíðum Dýrðin sú aldrei dvín.

Nú er þér aftur goldið angrið, sem barstu mest, þegar þitt hrjáðist holdið, hátt þú stundir og grézt. Gefin er gleðin bezt. Hafin úr hryggð og móði, hreinsuð með Jesú blóði, synd engin á þér sézt.

Unun var augum mínum ávallt að líta á þig með ungdóms ástum þínum ætíð þú gladdir mig, rétt yndis-elskulig. Auðsveip af hjarta hlýhug í harðri sótt vel lýðug, sem jafnan sýndi sig.



Þarna lá legsteinninn, rétt fyrir framan Hvalsneskirkju.

Næm, skynsöm, ljúf í lyndi, lífs meðan varstu hér, eftirlæti og yndi ætíð hafði ég af þér, í minni muntu mér. Því mun ég þig með tárnum þreyja af huga sárum, heim til þess héðan fer.

Mín gleði er sú eina, andlát þitt hugsá ég á, þú hafðir málið hreina, hér með vit alls að gá, skammt til þess líf leið frá, breiddir út hendur báðar, bauðst þig til Jesú náðar, kvaðst vilja koma þá.

Litla stund stóð í hafi, sturlaði fögnuðinn. Hálf fjórða ár alls var ævi, eigi þó fullkomin. Skjótt sá ég skilnað þínt. Gleymir sál þína sætur signaður Drottinn mætur fyrir Jesúm, soninn sinn.

Hvílist nú holdið unga af harmi og sorgum mætt, svipt öllum sóttarþunga, svo er þér nú óhætt. Dóttir mín! Þú er bætt. Frjáls við synd, fár og dauða fyrir Jesú blóði rauða, sefur Drottinn sætt.

II.

Nú ertu leidd, mín ljúfa, lystigarð Drottins í, þar áttu hvíld að hafa, hörmunga og rauna fri; við Guð þú mátt nú mæla, miklu fegri en sól. Unun og eilífa sæla er þín hjá lambsins stól.

Ég ann þér svoddan sælu, að sjá þitt gleðivín, héðan úr eympapælu. Ég kem þar senn til þín. Ó, hvað sætir samfundir seðja þá okkar geð, um eilífar æfistundir að lifa Drottinn með.

Dóttir! Í dýrðar hendi Drottins, mín, sofðu vært. Hann, sem þér huggun sendi, hann elskar þig svo kært. Þú lifðir góðum Guði, í Guði sofnaðir þú. Í eilífum andarfríði ætíð sæl lifðu nú.

— Bæklingurinn

Framhald af bls. 1

visindastarfsemi. Enda var það eflaust tilgangur bæklingisins — og útgefenda hans.“

„Ég hef hér ekki getað drepit á allar staðhæfingar bæklingisins“, heldur Engberg áfram, „en þær fáu, sem minnst hefur verið á settu að nægja til að sanna þá staðhæfingu mína að hér sé

um að ræða einhliða áróðursrit, — sem á yfirborðinu kann að virðast sterkt vopn í baráttunni en reynist frá málefnalegu sjónarmiði hið gagnstæða. Ég vil segja við stjórnmalamenn okkar og alla danska menn: Látið þennan áróður ekki leiða ykkur á villigötur. Látið heilbrigða skynsemi ykkar, og norrænan og lýðræðislegan hugsunarhátt ráða í þessu máli. Látið handritin fara

til þess lands, sem þau tilheyra — þar sem stjórnarvöldin og þjóðin mun vissulega kunna að meta þá dýrmetu gjöf, sem Danmörk færir þeim“, segir Poul Engberg að lokum.

Rytgaard.

ATHUGIÐ

að borið saman við útbreiðslu er langtum ódýrara að auglýsa í Morgunblaðinu en öðrum blöðum.

Verkalýðsfélag Akraness 40 ára

AKRANESI, 15. okt. — Verkalýðsfélag Akraness er 40 ára í dag. Núverandi stjórn skipa: Guðmundur Kristinn Ólafsson, formaður, Skúli Þórðarson, rit-

ari, og Kristján Guðmundsson, meðstjórnandi. Formaður sjómannaáæildar er Jóhann S. Jóhannsson, verkamannaáæildar Einar Magnússon, veltstjórnáæildar Þorsteinn Þorvaldsson og kvendáæildar Herdís Ólafsdóttir.

Afmælshólf verður haldið að hóteli Akranesi næstkomandi sunnudagskvöld. — Oddur.